

Uísir

Valdið á náttúru- öflunum.

4/18.3

26

—o—

I.

Nokkrir gáfumenn hafa á hinum síðari áratugum leitast við að sýna fram á að Jesús hafi aldrei til verið og sé sögurnar um hann skáldskapur einn. Var þetta, eins og kunnugt er, eitt af mestu áhugamálum Georgs Brandesar á síðustu árum hans. Eg tel þó vafalaust að hinir hafi rétt fyrir sér, sem segja að spámaður þessi sem guðspjöllin segja svo ótrúlegar sögur af, hafi að visu til verið. Sannleiksgildi guðspjallanna virðist vera nokkuð misjafnt; hefir Markús verið þar langmestur sögumaður, Lúkas skáld mest, en Jóhannes mestur heimspekingur.

Mjög merkilegt er að veita því eftirtekt, hvernig fræði sú sem nefna mátti Biodynamik, lífaffræði, virðist styðja sannleiksgildi guðspjallasögunnar í verulegum atriðum. Einsog t. d. þegar Markús segir að Jesús hafi engin kraftaverk getað gert í bænum þar sem hann hafði vaxið upp, af því að þar trúðu þeir ekki á hann. En skilyrðið fyrir því að hin svonefndu kraftaverk eða máttarverk,

geti átt sér stað, er samband við æðri verur, íbúa annara stjarna. En til slíks sambands þarf samhug og traust margra, eða einsog segja mátti, að trúað sé á mann. Það er og í fullu samræmi við lífaffræðina, að þegar traustið á Jesú nær hámarki, birtast honum á háu fjalli og í mikilli dýrð, sem hann sjálfur fær þátt í, tveir af frægustu spámönnum Ísraels, er löngu áður höfðu uppi verið; fá þeir vegna hins mikla trausts á Jesú sem þá ríkti, svo gott samband við hann, að þeir geta komið í heimsókn til hans frá annari stjörnu, þegar staðurinn einnig er hentugur, og veitt honum þátt í magnan sinni. En svo þegar Jesús, skömmu fyrir dauða sinn, fer að tala þannig, að flestir lærisveinar hans missa traust á honum, halda jafnvel að hann sé orðinn brjáláður og yfirgefa hann, þá losnar svo um það samband sem hann átti alt sitt traust undir, að hann segir að guð hafi yfirgefið sig.

II.

Mér er til efs, að því hafi verið veitt eftirtekt alveg einsog vert væri, að Emanuel Swedenborg (1688—1772) taldi framkomu sína er hann gerðist spámaður, mjög skylda endurkomu Krists, er hann sagði að fram hefði farið um sama leyti í andaheiminum, mundus spiritualis, er hann nefnir svo. Þótti hinum ágæta sænska vísindamanni og spámanni það mikið mein, að hann skyldi ekki geta gert kraftaverk. En þetta stafaði af því, að Swedenborg hafði um sína daga litið fylgi og eignaðist eiginlega engan lærisvein, en aftur á móti héldu margir að hann væri geggjaður. Og að vísu var hinn ágæti Svíi ekki í framlífsfræðum kominn alveg á rétta leið, vísindaleiðina, enda var slikt jafnvel hans viti ofvaxið á þeim tímum er náttúrufræðin mátti, í verulegum atriðum, heita enn í bernsku eða lítt af bernskuskeiði.

III.

Á því er enginn vafi, að þetta sem menn hafa nefnt krafta-

verk eða máttarverk getur átt sér stað. En ekki er þar þó um yfirnáttúrlegri viðburði að ræða en slikt sem t. d. þekking á segulafli og rafmagni hefir gert mönnum auðið að framkvæma á vorum dögum. Og þó að eg hafi ekki nema örlitla byrjunarþekkingu í þessum efnum, þá get eg sagt með vissu, að ef Íslendingar hefðu það traust á kenningum mínum sem rétt er, litu einsog rétt er á heimspeki þá sem eg hefi nefnt Hyperzóismus, á uppgötvun mína á lífinu á stjörnunum og hinu sanna eðli lífsins eftir dauðann, þá mundi gerast ýmislegt, sem telja mætti til kraftaverka. Þá mundu t. d. góðar verur geta komið því til leiðar, að vorið sem í hönd fer, yrði betra en nokkurt vor á Íslandi áður, allt frá landnámstíð. Og er ilt til þess að vita, svo mikil nauðsyn sem bæði mönnum og skepnum og grösum er á slíku vori, að það skuli, hugarfarsins vegna ekki geta orðið. En aftur á móti sitt hvað, sem stefnir í áttina til þess sem svo mikil hætta er á að komi fram, og jafnvel hefir nokkuð gustað af í vetur.

15. marts.

Helgi Pjeturss.